



**SAMKEPPNISSTOFNUN**

---

**Ársskýrsla 2003**



# EFNISYFIRLIT

- 2 STAÐA OG HLUTVERK SAMKEPPNISYFIRVALDA
- 3 VIRK SAMKEPPNI - TIL HAGSBÓTA FYRIR HEILDINA  
GEORG ÓLAFSSON, FORSTJÓRI SAMKEPPNISSTOFNUNAR
- 5 YFIRLIT YFIR STARFSEMI SAMKEPPNISSTOFNUNAR 2003
- 11 SAMKEPPNISSTOFNUN Í FJÖLMIÐLUM  
1139 FRÉTTIR OG GREINAR Á ÁRINU 2003
- 13 ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS
- 14 BIRTAR KANNANIR SAMKEPPNISSTOFNUNAR
- 15 REKSTRARKOSTNAÐUR
- 15 ÞJÓNUSTUVÍSAR
- 15 SKIPURIT SAMKEPPNISSTOFNUNAR
- 16 SAMKEPPNISRÁÐ OG STARFSMENN SAMKEPPNISSTOFNUNAR

## ▶ STAÐA OG HLUTVERK SAMKEPPNISSTOFNUNAR

# STAÐA OG HLUTVERK

Samkeppnisyfirvöld, þ.e. samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun, heyrast undir viðskiptaráðuneyti og starfa samkvæmt samkeppnislögum nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Samkeppnisráð tekur ákvarðanir í öllum málum þar sem skorið er úr ágreiningi um gildissvið samkeppnislaga og í málum sem hafa stefnumarkandi eða víðtæk áhrif. Ráðið tekur jafnframt ákvarðanir um aðgerðir, bönn og sektir á grundvelli samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Þá annast stofnunin samskipti ráðsins við einstaklinga, fyrirtæki, fjölmiðla, stofnanir, stjórnvöld og dómstóla. Samkeppnisstofnun er heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða og er falið ákvörðunavald á afmörkuðum sviðum. Samkeppnisstofnun annast jafnframt eftirlit með lögum um neytendalán, alferðir, húsgöngu- og fjarsölusamninga, rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu og lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Hægt er að kæra ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar til sjálfstæðrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Samkeppnisstofnun annast málflytning fyrir hönd samkeppnisráðs fyrir áfrýjunarnefnd.

## TIL HAGSBÓTA FYRIR HEILDINA - Georg Ólafsson

# VIRK SAMKEPPNI

Á þeim rúmlega 10 árum sem samkeppnislög hafa verið í gildi hér á landi hafa orðið grundvallarbreytingar á umhverfi íslensks viðskiptalífs. Sumpart eru þessar breytingar hluti og afleiðing af alþjóðlegri þróun. Milliríkjaviðskipti hafa aukist vegna minnkandi viðskiptahafta og fjármagn flæðir nú hindrunarlítið heimshorna á milli eftir því hvar arðsemi þess er mest. Veigamikill þáttur í breyttu viðskiptaumhverfi á Íslandi er líka breytt lagaumhverfi sem á meðal annars rætur að rekja til skuldbindinga sem Íslendingar hafa gengist undir með aðild að alþjóðasamningum svo sem EES-samningnum. Með afnámi viðskiptahafta og einkaleyfa og með auknu viðskiptafrelsi hefur hvarvetna þótt eðlilegt og í raun nauðsynlegt að koma á eftirliti með því að viðskiptafrelsið sé nýtt til hagsbóta fyrir alla en það sé ekki misnotað til að skara eld að köku fárra útvalinna. Í tengslum við breyttar áherslur stjórnvalda og aukið viðskiptafrelsi voru sett almenn samkeppnislög árið 1993 sem ná til alls viðskiptalífsins, hvort heldur um einkarekstur eða opinberan rekstur er að ræða. Það ár tók Samkeppnisstofnun til starfa. Til að sinna eftirliti með sérstökum mörkuðum þar sem fyrirtæki stunda leyfisbundna starfsemi hafa á grundvelli sérlaga tekið til starfa nýjar eftirlitsstofnanir eða stofnanir sem byggja á eldri grunni og sinna nú nýjum verkefnum. Hér má nefna Póst- og fjarskiptastofnun, Fjármálaeftirlitið og Orkustofnun. Eftir að samkeppnislögin tóku gildi hefur Samkeppnisstofnun verið falið margháttað hlutverk á grundvelli annarra laga s.s. fjarskiptalaga, laga um neytendalán, laga um alferðir, laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga, laga um rafræn viðskipti og raforkulaga.

Eftir því sem viðskiptalífið og umhverfi þess hefur verið að breytast hafa verkefni eftirlitsstofnana þróast og þeim fjölgað. Í fyrri ársskýrslum Samkeppnisstofnunar hefur verið bent á að kraftar samkeppnisyfirlvalda hafi á síðustu árum í síauknum mæli farið í að sinna eftirliti og athugunum á samkeppnishindrandi samráði fyrirtækja og samkeppnishamlandi hegðun markaðsráðandi fyrirtækja. Þessi verkefni eru mörg hver mjög umfangsmikil þar sem rannsakaðir eru viðskiptahættir og gögn frá stórfyrirtækjum á íslenskan mælikvarða sem ná yfir allt að níu ára tímabil.

Starfsmannahald hjá Samkeppnisstofnun hefur ekki þróast í samræmi við hin auknu umsvif stofnunarinnar. Það hefur valdið því að aðilar, sem reka mál fyrir Samkeppnisstofnun, hafa oft á tíðum þurft að bíða óheppilega lengi eftir niðurstöðu mála. Í upphafi ársins 2003 bíðu 80-90 samkeppnismál úrlausnar hjá Samkeppnisstofnun. Vegna umfangsmikillar vinnu við rannsókn á meintu ólögmeðu samráði olíufélaganna og vinnu við önnur stór mál var fyrirséð að dráttur yrði á því að unnt yrði að ljúka vinnslu fyrirbyggjandi mála innan æskilegs tíma. Til að takast á við þennan vanda neyddust samkeppnisyfirlvald því til að taka upp formlega forgangsröðun mála hjá samkeppnisviði Samkeppnisstofnunar á árinu 2003. Það var gert í samræmi við heimild í samkeppnislögum. Þetta hafði í för með sér að allnokkrir aðilar, sem með rökum töldu á sér brotið með vísan til samkeppnislaga, þurftu að bíða í allt að eitt ár áður en málsmeðferð gæti hafist.

Að mati Samkeppnisstofnunar þurfa stjórnvöld að horfast í augu við þá staðreynd að íslenskt viðskiptalíf hefur þróast þannig síðastliðin 10 ár að nauðsynlegt er að hér starfi öflug og virk samkeppnisyfirlvald sem hafi yfir að ráða bestu mögulegu meðulum til að uppræta og koma í veg fyrir samkeppnishömlur. Löggjöfin sem við búum við er að flestu leyti í samræmi við það sem er nýjast og best í evrópskri samkeppnislöggjöf. Hins vegar er ljóst að samkeppnisyfirlvald komast að óbreyttu illa yfir að sinna nauðsynlegum verkefnum. Reynslan sýnir að sökum mannfæðar fer reglubundin starfsemi Samkeppnisstofnunar úr skorðum þegar tekist er á við fleiri en eitt umfangsmikið verkefni í einu. Stofnunin á fullt í fangi með að sinna þeim kærum og kvörtunum sem henni berast. Það er ótækt að ekki sé unnt að taka til rannsókna að eigin

frumkvæði atvik eða aðstæður sem hugsanlega fela í sér alvarlegar samkeppnishindranir sem eru til skaða fyrir samfélagið. Stofnunin þarf ávallt að vera í stakk búin að geta sinnt að eigin frumkvæði rannsóknum á meintum alvarlegum brotum eða rannsóknum á einstökum mörkuðum þar sem ætla má að samkeppni sé hættu búin.

Samkeppnisstofnun sýnir því fullan skilning að gæta beri aðhalds og sparnaðar í rekstri hins opinbera svo að hamlu megi því að ríkisútgjöld fari úr böndunum. Brugðið hefur verið á það ráð, við skipan sérhæfðs eftirlits með leyfisskildum aðilum hér á landi, að innheimta hjá þeim gjöld sem standa eiga straum af þeim kostnaði sem hlýst af eftirliti með þeim. Þannig greiða eftirlitsskyldir aðilar á fjármála- og váttryggingamörkuðum eftirlitsgjald sem ætlað er að fjármagna starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitsskyldir aðilar á fjarskipta- og póstmörkuðum greiða gjöld sem ætlað er að standa undir rekstri Póst- og fjarskiptastofnunar og ráð er fyrir því gert að fyrirtæki á raforkumarkaði greiði í ríkissjóð ígildi þess sem það kostar Orkustofnun að hafa eftirlit með þeim. Með þessu ætti að vera tryggt að tekjur umræddra stofnana séu í nokkru samræmi við nauðsynlegan kostnað sem hlýst af eftirlitsstarfsemi þeirra. Tekjur Samkeppnisstofnunar eru hins vegar að öllu leyti ákveðnar í fjárlögum. Þegar Samkeppnisstofnun tók til starfa var kostnaði stofnunarinnar jafnað við kostnaðinn af rekstri Verðlagsstofnunar þó að verkefni þessara stofnana væru í eðli sínu ólík og kostnaður við mannhald ekki sambærilegur. Þegar samkeppnislög voru sett var ekkert sjálfstætt mat lagt á það hver yrði líklegur kostnaður Samkeppnisstofnunar við að framfylgja lögum. Það hefur heldur aldrei verið gert síðan. Núverandi staða stofnunarinnar endurspeglar því tiltekinn fortíðarvanda.

Hér er varpað fram þeirri hugmynd að reynt verði að meta, af reynslu síðustu tíu ára, hver þörfin sé fyrir eftirlit samkeppnisyrvalda með íslensku viðskiptalífi og hver sé áætlaður kostnaður af því eftirliti auk eftirlits sem Samkeppnisstofnun er ætlað að sinna á grundvelli annarra laga en samkeppnislaga. Síðan mætti kanna hvort ekki sé eðlilegt og sanngjarnt að eftirlitsskyldir aðilar greiði að hluta eða öllu leyti kostnaðinn við samkeppniseftirlitið eða tiltekna þætti þess. Fordæmi eru fyrir því erlendis að gjöld, sem lögð eru á fyrirtæki sem falla undir verksvið samkeppnislaga, standi straum af kostnaði við að framfylgja lögum.

Ekki þarf á þessum vettvangi að fjölyrða um gildi virkrar samkeppni í viðskiptum. Það er löngu þekkt að virk samkeppni er mikilvæg undirstaða efnahagslegra framfara. Samkeppnisyrvöld eiga að stuðla að því að virk samkeppni sé ekki hindruð enda skaða samkeppnishindranir hag alls almennings þegar til lengri tíma er litið. Það er miður þegar mannekla kemur í veg fyrir að samkeppnisyrvöld sinni því mikilvæga hlutverki sem þeim er ætlað með þeim brag sem æskilegur er. Það skaðar fyrirtæki sem verða fyrir því að samkeppnislög eru brotin og það veldur neytendum ómældum skaða.

Það hafa oft blásið stríðir vindar um Samkeppnisstofnun og störf hennar og þannig mun það trúlega alltaf verða. Það felst að hluta í eðli starfseminnar en afskipti og íhlutun stjórnvalda í deilumál getur ekki orðið öllum til geðs. Ef undan eru skilin þröng sjónarmið fámennra hópa hefur ríkt um það sátt að samkeppnisreglur séu nauðsynlegar og sömuleiðis að öflug samkeppnisyrvöld þurfi til að framfylgja reglum. Með vísan í þá þróun, sem verið hefur til aukinnar samþjöppunar og fákeppni á mörkuðum hér á landi á síðustu árum, hafa bæði fulltrúar frá samtökum í viðskiptalífinu, samtökum neytenda og launamanna ásamt stjórnmalamönnum rætt um nauðsyn þess að efla Samkeppnisstofnun. Um þetta virðist ríkja nokkur einhugur í samfélaginu. Samkeppnisstofnun tekur undir þau sjónarmið sem haldið hefur verið á lofti að öflugri Samkeppnisstofnun leiðir til virkari samkeppni til hagsbóta fyrir heildina.

## ► YFIRLIT YFIR STARFSEMI SAMKEPPNISSTOFNUNAR

Segja má að starfsemi Samkeppnisstofnunar sé þrískipt í samræmi við meginefnisþætti samkeppnislaga. Samkeppnisvið hefur með höndum mál sem varða hvers kyns samkeppnishindranir hvort heldur um er að ræða samstarf fyrirtækja, misnotkun á markaðsráðandi stöðu, opinberar samkeppnishömlur eða samruna fyrirtækja. Þá kemur samkeppnisvið að samkeppniseftirliti á grundvelli sérlaga, s.s. fjarskiptalaga og raforkulaga. Samkeppnisvið Samkeppnisstofnunar starfar oft í formlegu og óformlegu samstarfi við þær stofnanir sem hafa sértækt eftirlit með þeim mörkuðum sem umrædd sérlög taka til. Markaðsmálasvið hefur með höndum mál sem lúta að óréttmætum viðskiptaháttum og villandi upplýsingastarfsemi ásamt eftirliti með ýmsum sérlögum. Stjórnsýslusvið hefur meðal annars með höndum rekstur skrifstofu stofnunarinnar, tölvumál og þau mál sem tengjast gagnsæi markaðarins. Undir gagnsæi markaðarins fellur vinna við að efla verðskyn neytenda og það að auðvelda neytendum og fyrirtækjum yfirsýn yfir markaðinn, meðal annars með gerð verðkannana.

### ● SAMKEPPNISVIÐ

Störf á samkeppnisviði Samkeppnisstofnunar hafa allt frá lokum ársins 2001 markast af rannsókninni á meintum brotum olíufélaganna hér á landi á ákvæðum samkeppnislaga. Þá hafa önnur umfangsmikil mál, þ.á.m. rannsóknin á meintum samkeppnishindrunum á váttryggingamarkaði og athugun á meintri misnotkun Hf. Eimskipafélags Íslands á markaðsráðandi stöðu félagsins í sjóflutningum, vegið þungt í störfum samkeppnisviðs á árinu 2003.

Þegar þetta er ritað er rannsókninni á váttryggingamarkaðnum lokið með ákvörðun samkeppnisráðs og séð er fyrir endann á hinu svokallaða olíumáli. Vegna mikillar vinnu árið 2003 við hin umfangsmiklu mál komu heldur færri samkeppnismál til ákvörðunar samkeppnisráðs á síðasta ári en að jafnaði árin þar á undan.

#### Ákvarðanir

Að mati Samkeppnisstofnunar má telja að þrjár ákvarðanir samkeppnisráðs frá árinu 2003 á samkeppnisviði hafi verið stefnumarkandi. Fyrst má nefna ákvörðun samkeppnisráðs nr. 22/2003, Erindi Iceland Express ehf. vegna meintrar misnotkunar Icelandair ehf. á markaðsráðandi stöðu, þá ákvörðun ráðsins nr. 14/2003, Erindi Samtaka verslunarinnar-FÍS vegna meintra brota á samkeppnislögum í samningum innlendra ísframleiðenda og matvöruverslana og loks ákvörðun samkeppnisráðs nr. 2/2003, Kvörtun vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf.

Aðdragandi síðastnefndu ákvörðunarinnar var kvörtun frá Íslenskum markaði hf. vegna þess að Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) hafði valið bæði vöruflokka og verslunarrými fyrir eigin verslunarrekstur í flugstöðinni áður en svokallað forval á öðrum rekstraraðilum fór fram. Samkeppnisráð gerði FLE að skilja að rekstur fasteigna félagsins og verslunarrekstur þess og taldi að félagið hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína í skilningi samkeppnislaga við framkvæmd forvalsins. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála taldi sérlög um FLE heimila fyrirtækinu að velja utan forvalsins bæði vöruflokka og verslunarrými fyrir eigin rekstur. Að öðru leyti staðfesti nefndin ákvörðun samkeppnisráðs. Kvartandi sætti sig ekki við niðurstöðu áfrýjunarnefndar um gildissvið laga nr. 76/2000 um stofnun hlutafélags um FLE og bar hana undir dómstóla sem hafa staðfest skilning áfrýjunarnefndar. Þegar þetta er ritað hefur FLE keypt Íslenskan markað hf. og kynnt Samkeppnisstofnun stofnun sérstaks dótturfélags um verslunarrekstur flugstöðvarinnar.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 14/2003 um samninga innlendu ísframleiðendanna Kjöríss ehf. annars vegar og Emmessíss hf. hins vegar við matvöruverslanir Baugs hf. og Kaupáss hf. hefur nokkra sérstöðu því að þar er fjallað um skaðleg samkeppnishindrandi áhrif svonefndra lóðrétttra samninga. Lóðréttir samningar í þessu tilviki eru samningar framleiðenda og endurseljenda. Samningarnir, sem hér um ræðir, útilokuðu í raun innkomu nýrra keppinauta á markaðinn fyrir ís og ísvörur til sölu í matvöruverslunum. Samkeppnisráð taldi samninga ísframleiðendanna og verslunarfyritækjanna brjóta gegn 10. gr. samkeppnislaga enda ráðstöfuðu þeir um 95% af öllu rými fyrir ís og ísvörur undir vörur umræddra framleiðenda og væru samningarnir því ógildir. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga var þeim fyrir mælum beint til matvöruverslananna að gera ekki viðskiptasamninga við viðkomandi ísframleiðendur sem ráðstöfuðu samanlagt meira en 80% af því frystirými sem hvor verslunarkeðja ætlaði fyrir framstillingu á ísvörum í matvöruverslunum fyrirtækjanna. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti þessa niðurstöðu samkeppnisráðs.

Iceland Express ehf. kvartaði yfir flugfargjöldum Icelandair ehf., svonefndum Vor- og Netsmellum. Taldi kvartandi að um væri að ræða samkeppnishamlandi viðbrögð Icelandair við komu hins nýja félags á markaðinn fyrir áætlunarflug á flugleiðunum milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar annars vegar og Keflavíkur og London hins vegar. Smellirnir væru verðlagðir undir kostnaðarverði og í þeim fælist skaðleg undirverðlagning í skilningi samkeppnislaga. Skipting kostnaðar í fastan kostnað og breytilegan í flugrekstri er matskennd og flókin og mat á hugsanlegri undirverðlagningu í flugrekstri því erfið. Það varð þó niðurstaða samkeppnisráðs sem var staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála að Vorsmellirnir til Kaupmannahafnar og London væru verðlagðir undir því sem kallað var staðfærður kostnaður. Samkeppnisráð taldi að í Vorsmellunum fælist misnotkun á markaðsráðandi stöðu Icelandair sem væri brot á samkeppnislögum. Áfrýjunarnefnd staðfesti niðurstöðu samkeppnisráðs um skilgreiningu á markaði í umræddri ákvörðun og stöðu fyrirtækja á þeim markaði. Þá staðfesti nefndin þá aðferð að leggja til grundvallar staðfærðan kostnað þegar meta skyldi verðlagningu fargjalda. Áfrýjunarnefnd var hins vegar ósammála samkeppnisráði um að Netsmellir og lækkun viðskiptafargjalda Icelandair fælu í sér brot á samkeppnislögum.

### **Annað**

Auk þess að rannsaka og undirbúa mál, sem varða hugsanlegar samkeppnishömlur til umfjöllunar í samkeppnisráði, tekur Samkeppnisstofnun til varnar fyrir hönd samkeppnisráðs þegar málum er skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Allmikil vinna fer í undirbúning mála sem nefndin fjallar um. Svo að dæmi sé tekið felldi áfrýjunarnefnd úrskurð í 19 málum á árinu 2003, þar af 15 samkeppnismálum.

Ásamt því sem að framan er getið hafa starfsmenn Samkeppnisstofnunar komið að undirbúningi nokkurra mála sem til meðferðar hafa verið hjá dómstólum. Sá dómur, sem mestu skiptir frá árinu 2003, er án vafa svonefndur grænmetisdómur, þ.e. dómur Hæstaréttar Íslands nr. 37/2003 í máli Sölufélags garðyrkjumanna svf., Banana ehf. og Eignarhaldsfélagsins Mata ehf. gegn samkeppnisráði. Í því máli var tekist á um ýmsa stefnumarkandi þætti í störfum samkeppnisyfirvalda sem lúta bæði að málsmeðferð og efnislegum niðurstöðum. Í sem stystu máli féllst Hæstiréttur á niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála í öllum atriðum sem varða málsmeðferð samkeppnisyfirvalda og rannsóknarniðurstöður og túlkun þeirra á 10. gr. samkeppnislaga um ólögmeitt samráð fyrirtækja. Hæstiréttur féllst ekki á þá



niðurstöðu héraðsdóms að tiltekin atriði ættu að leiða til lækkunar sekta og hækkaði rétturinn því sektinnar. Var talið hæfilegt að umrædd fyrirtæki greiddu sekt fyrir brot sín gegn samkeppnislögum í samræmi við það sem áfrýjunarnefnd hafði ákvarðað.

Á árinu 2003 voru samþykkt ný raforkulög sem tóku gildi 1. júlí sama ár. Er ráð fyrir því gert að samkeppni geti komist á hjá fyrirtækjum sem sinna framleiðslu og sölu á raforku. Samkvæmt lögunum hafa samkeppnisyfirvöld tilteknu eftirlitshlutverki að gegna í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Orkustofnun og úrskurðarnefnd raforkumála munu annast sértækt eftirlit með raforkufyrirtækjum.

## ● MARKAÐSMÁLASVIÐ

Markaðsmálasvið Samkeppnisstofnunar hefur með höndum eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. VI. kafla samkeppnislaga. Þá hefur markaðsmálasvið eftirlit með ýmsum sérlögum sem stofnuninni hefur verið falið eftirlit með, þ.e. lögum um neytendalán, alferðir, húsgöngu- og fjarsölusamninga og lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Alls komu um 160 mál til afgreiðslu markaðsmálasviðs á árinu 2003. Flest þeirra afgreiddi Samkeppnisstofnun með tilmælum, ábendingum eða sátt. Samkeppnisráð ákvarðaði um tuttugu og eitt málanna og var fjórum ákvörðunum áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

### Ákvarðanir

Á síðustu árum hefur fjölgað mjög málum sem varða firmanöfn og önnur auðkenni fyrirtækja, þ. á m. lénnöfn og villandi notkun slíkra nafna og merkja. Meira virðist um það nú en áður að fyrirtæki velji sér áþekkt nöfn og keppinautarnir en hægt verður að vera að greina milli keppinauta á markaðnum. Það er 25. grein samkeppnislaga sem tekur til þessara mála en í greininni felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún m.a. til fyllingar á vörumerkjavernd. Þannig er lagt almennt bann við því að nota t.d. firmanafn og vörumerki sem annar á. Einnig er réttur til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að ekki má nota auðkennið þannig að það geti leitt til þess að villst verði á því og auðkenni sem annað fyrirtæki notar. Á árinu 2003 tók samkeppnisráð alls 17 ákvarðanir um slík mál og voru þau nokkuð fjölbreytt en þeim má skipta í tvo flokka; firmanöfn og lénnöfn.

Sem dæmi um nöfn, sem talið var að brytu gegn rétti annars fyrirtækis, má nefna að árið 2002 byrjaði Úrval-Útsýn að nota orðið bændaferðir um rútuferðir á vegum ferðaskrifstofunnar. Fyrir á markaðnum var fyrirtækið Bændaferðir sem í 36 ár hafði skipulagt hópferðir til útlanda undir sama nafni. Samkeppnisráð taldi að notkun Úrvals-Útsýnar á orðinu væri til þess fallin að ruglast mætti á fyrirtækjunum og að neytendur teldu að um tengd fyrirtæki væri að ræða (ákvörðun nr. 28/2003). Þá var fyrirtækinu Refund á Íslandi ehf. gert að breyta nafni sínu sökum ruglingshættu við keppinautinn Global Refund á Íslandi ehf. sem verið hafði á markaðnum lengur (ákvörðun nr. 9/2003 og úrskurður áfrýjunarnefndar nr. 8/2003). Eignamiðlunin ehf. kvartaði yfir notkun annarra fasteignasala á orðinu eignamiðlun í heitum þeirra. Samkeppnisráð taldi að orðið eignamiðlun hefði verið óþekkt þar til Eignamiðlunin skráði fyrirtækið í firmaskrá árið 1957 og orðið væri ekki sérstaklega lýsandi fyrir starfsemi fyrirtækjanna. Hætta væri því á að villst væri á fyrirtækjunum og að neytendur teldu tengsl þeirra á milli (ákvarðanir nr. 36 og 37/2003). Garðatorg eignamiðlun ehf. áfrýjaði ákvörðuninni og niðurstaða meirihluta áfrýjunarnefndar samkeppnismála varð sú að sýnt hefði verið fram á að orðið eignamiðlun hefði ekki

verið notað eitt og sér, væri almenns eðlis og ruglingshætta því ekki fyrir hendi. Ákvörðun samkeppnisráðs var því felld úr gildi (úrskurður nr. 14/2003).

Sem dæmi um nöfn og orð, sem samkeppnisráð taldi ekki ástæðu til að hafa afskipti af, eru Thorvaldsen bar, Ævintýraland, Ísbíllinn, Salka og Neyðaropnanir ehf. Þar sem um almenn orð væri að ræða.

Með aukinni Netnotkun hefur gildi lénafna sífellt meira vægi. Takmarkaðar reglur gilda um skráningu þeirra og því eiga sér stað árekstrar m.a. við firma- og vörumerkjarétt. Deilur um lén koma einkum upp vegna þess sem kalla má gíslingu (e. cybersquatting). Gísling felst í því að aðili skráir vörumerki eða nöfn fyrirtækja eða frægs fólks sem lén án þess að hafa nokkur tengsl við viðkomandi. Skráningin er gerð í þeim tilgangi að hagnast síðan á sölu lénanna. Einnig getur viðkomandi notað lénið til að ná til sín viðskiptum fyrir eigið vefsetur. Tvö slík gíslingarmál komu til kasta samkeppnisráðs vegna lénanna hreyfill.com (ákvörðun nr. 34/2003) og hasso.com (ákvörðun nr. 38/2003). Í báðum tilvikum var talið að um brot væri að ræða.

Lénnöfnin hefðu verið skráð til að hindra keppinauta í að skrá lénin, valda ruglingi og trufla með því viðskipti. Viðkomandi var því gert að láta afskrá lénin.

Eigendum lénanna billinn.is og fasteignasalan.is var einnig bönnuð notkun þeirra (ákvarðanir nr. 25 og 26/2003). Var það gert á grundvelli þess að um væri að ræða sömu lénnöfn og hjá kvartendum. Eini munurinn væri ákveðinn greinir. Slíkt skapaði hættu á ruglingi þar sem um keppinauta væri að ræða. Þá var Aco Tæknivali hf. bönnuð notkun lénsins apple.is og gert að afskrá það (ákvörðun nr. 42/2003). Forsaga málsins var að Aco Tæknival var dreifingaraðili fyrir Apple Computer Inc. á grundvelli samninga þeirra á milli og naut því réttinda til að nota vörumerki Apple. Skráning lénsins var gerð á grundvelli samningsins en við uppsögn hans hélt Aco Tæknival áfram notkun lénsins og neitaði að afskrá það. Samkeppnisráð taldi að notkun Aco Tæknivals á léninu gæfi villandi upplýsingar um eignarétt og ábyrgð og var fyrirtækinu því bannað að nota lénið og gert að afskrá það.

### **Annað**

Árið 2002 var Samkeppnisstofnun falið eftirlit með lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Í lok ársins 2003 hófst vinna við að yfirfara vefsetur íslenskra fyrirtækja með vísan til ákvæða laganna sem og laga um húsgöngu- og fjarsölu.

## **● GAGNSÆI MARKAÐARINS**

Samkeppnisstofnun hefur eftirlit með verðmerkingum og birtir verðkannanir á vörum og þjónustu eftir því sem ástæða þykir til. Tilgangurinn er að stuðla að og efla virka samkeppni og auðvelda neytendum og fyrirtækjum að hafa yfirsýn yfir markaðinn. Á grundvelli VII. kafla samkeppnislaga eru einnig settar ýmsar reglur sem flestar hafa það að markmiði að efla virka samkeppni og bæta upplýsingar til neytenda.

Á árinu voru birtar reglur um sundurliðun á verði lyfja sem seld eru gegn lyfseðli (nr. 852/2003). Reglurnar voru settar vegna ítrekaðra athugasemda frá neytendum vegna þess að við afgreiðslu á lyfseðilsskyldum lyfjum var verð lyfja ekki sundurliðað á sölunótu heldur einungis sýnt heildarverð lyfjanna á kassastrimli og

á límmiða sem fylgdi hverri afgreiðslu. Til þess að fullnægja skilyrðum samkeppnislaga um gagnsæi, sem og til hagræðis fyrir neytendur, voru því settar reglur sem skylda lyfjaverslanir til að sundurliða hlut neytenda í verði allra lyfja.

### Verðmerkingar

Eftirlit með verðmerkingum er margþætt enda þarf að tryggja að verðmerking vöru og þjónustu sé með þeim hætti að neytendur geti nýtt sér upplýsingarnar.

#### Hæstaréttardómur um verðmerkingar


Breytingar á samkeppnislögum, sem gerðar voru í desember árið 2000, fólu í sér virkari úrræði samkeppnisyfirvalda meðal annars gegn fyrirtækjum sem brjóta gegn reglum um verðmerkingar. Ástæða er til að fjalla hér um dómsmál sem höfðað var gegn samkeppnisráði þar sem ætla má að dómurinn hafi mikilvægt fordæmisgildi. Forsaga þessa máls er sú að Samkeppnisstofnun bárust kvartanir vegna þess að Heilsuhúsið við Skólavörðustíg verðmerkti ekki nema hluta af vörum í verslun sinni. Til þess að fá upplýsingar um verð þurfti viðskipavinurinn að fara með vöruna að skanna í versluninni. Eftir hefðbundna málsmeðferð komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að grundvallarreglan í verðmerkingum sé sú að allar vörur, sem seldar eru neytendum, skuli verðmerkja þannig að auðvelt sé að sjá verðmerkinguna. Notkun skanna sem hið eina form verðmerkingar fullnægði þannig ekki þeim lögum og reglum sem í gildi eru. Samkeppnisráð lagði því 400 þús. kr. stjórnvaldssekt á Heilsu ehf. (ákvörðun nr. 22/2002). Fyrirtækið áfrýjaði ákvörðun samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti ákvörðunina (úrskurður nr. 13/2002). Fyrirtækið undi ekki þeim úrskurði og áfrýjaði málinu til dómstóla. Undir lok ársins felldi Hæstiréttur þann dóm (nr. 136/2003) að notkun verðskanna gæti ekki komið í stað þeirra aðferða við verðmerkingar sem lög og reglur mæla fyrir um þar sem grundvallaratriði er að verð hverrar vöru sé sýnilegt. Fyrirtækinu var því gert að greiða stjórnvaldssektina auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkeppnisstofnun bárust kvartanir um að vörur hjá Íslenskum markaði í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli væru eingöngu verðmerktar í bandarískum dölum. Þá voru einnig gerðar athugasemdir við það að viðskiptavinir verslunarinnar sáu hvorki hvaða gengi væri notað, né heldur að þeir gætu gengið út frá því sem vísu að gengið, sem notað var, væri skráð gengi þess dags sem kaupin fóru fram. Það er mat Samkeppnisstofnunar að verðmerking í dölum eingöngu í íslenskri verslun sé ekki nægjanleg til þess að fullnægja kröfum samkeppnislaga um gagnsæi markaðarins. Í kjölfar afskipta stofnunarinnar af þessu máli var um mitt árið farið að verðmerkja allar vörur hjá Íslenskum markaði í íslenskum krónum.

Á undanförunum árum hefur Samkeppnisstofnun reglulega kannað verðmerkingar í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu sem og úti á landi og birt niðurstöður. Tilgangur þessara kannana hefur verið að athuga verðmerkingar í hillu og hvort samræmi væri milli verðmerkingar í hillu og verðs í afgreiðslukassa. Á árinu kannaði stofnunin verðmerkingar á rúmlega 15 þúsund vörum í 76 matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Í kökuritinu hér að neðan má sjá sundurliðun á athugasemdum sem gerðar voru í matvöruverslunum á árinu.

Þessi niðurstaða er mjög svipuð og niðurstaðan var árið 2002 en með stöðugu eftirliti samfara lagabreytingum árið 2000 hafa verðmerkingar í matvöruverslunum batnað verulega á síðustu árum. Auk kannana í matvöruverslunum gerir stofnunin einnig slíkar kannanir í verslunum olíufélaganna og í byggingavöruverslunum.


### Verðmerkingar í matvöruverslunum



Góðar verðmerkingar í sýningargluggum verslana eru forsenda þess að neytendur geti fylgst með verðlagi. Um mitt árið voru verðmerkingar athugaðar í 690 sérvöruverslunum. Athugaðar voru verðmerkingar bæði inni í verslunum og í sýningargluggum. Niðurstaða þessarar athugunar leiddi í ljós að vel er staðið að verðmerkingum inni í verslunum en enn skortir verulega á að verðmerkingar geti talist viðunandi í sýningargluggum verslana eins og sjá má í súluritinu hér að neðan.

Það er von Samkeppnisstofnunar að eftir dóm Hæstaréttar um verðmerkingar, sem getið var um hér að framan, verði hægt að koma verðmerkingum fyrir neytendur í viðunandi horf.

### Verðmerkingar í sýningargluggum á höfuðborgarsvæðinu - skipting eftir verslunargeirum - 690 verslanir í júní 2003



### Verðkannanir

Á árinu voru gerðar margar verðkannanir, bæði á vörum og þjónustu. Meðal þeirra má nefna að um tveggja ára skeið hefur Samkeppnisstofnun fylgst með verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum og birt reglulega niðurstöður úr könnunum sem gerðar hafa verið mánaðarlega. Í byrjun ársins birti stofnunin niðurstöður sem sýndu að verð á grænmeti og ávöxtum hafði lækkað verulega á einu ári en undir lok

ársins sýndu niðurstöður hins vegar að verð á þessum vörum fór hækkandi. Það var þó undantekningarlítið lægra en það var þegar upphaflega könnunin var gerð í febrúar 2002.

Þá kannaði stofnunin verð á nokkrum gjaldliðum hjá starfandi tannlæknum á Íslandi. Eyðublöð voru send út til 251 tannlæknis og svör bárust frá 86% þeirra. Í könnuninni var einnig athugað hvort farið væri að samkeppnislögum um verðmerkingu á þjónustu, þ.e. hvort gjaldskrá tannlækna væri sýnileg á biðstofum og tannlæknastofum. Samkvæmt könnuninni er birtingu gjaldskrár stórlega ábótavant en í ýmsum nágrannalöndum okkar hafa verið settar sérreglur um birtingu gjaldskrár hjá tannlæknum til þess að bæta upplýsingar til neytenda. Samkeppnisstofnun vinnur nú að því að setja slíkar reglur í samráði við Tannlæknafélag Íslands.

## ● AÐRAR ÁHERSLUR Í STARFSEMINNI

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar tóku sem fyrr þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði samkeppnis- og neytendamála á árinu 2003.

Aftar í skýrslunni er að finna yfirlit yfir allar ákvarðanir samkeppnisráðs árið 2003 ásamt helstu könnunum sem Samkeppnisstofnun gerði. Ákvarðanir í heild sinni, auk ýmissa upplýsinga um starfsemi Samkeppnisstofnunar, er að finna á vefsvæði stofnunarinnar, [www.samkeppni.is](http://www.samkeppni.is). Ákvarðanir samkeppnisráðs, kannanir sem og fréttatilkynningar Samkeppnisstofnunar birtast einnig á vefsvæði stofnunarinnar um leið og slíkt efni er gefið út.

## ► SAMKEPPNISSTOFNUN Í FJÖLMIÐLUM


Fjallað var um Samkeppnisstofnun 1139 sinnum í fjölmiðlum á árinu 2003. Samkvæmt greiningu Fjölmiðlavaktarinnar, sem er aðili að IMG, birtust 718 umfjallanir í prentmiðlum og 421 í ljósvakamiðlum. Í flestum tilvikum eða 89,4% var um hlutlausu umfjöllun að ræða, í 8,8% tilvika var hún talin neikvæð en jákvæð í 1,8% tilvika. Er þetta svipuð hlutfallsleg skipting og árið á undan. Oftast var fjallað um Samkeppnisstofnun í júlí en þá var fjallað alls 325 sinnum um stofnunina í fjölmiðlum.

Umfjöllunin var greind í sex flokka eftir því hvaðan umræðan var upprunnin. Þannig var reynt að festa hendur á hverjir það voru sem fjölluðu oftast um málefni stofnunarinnar. Af heildarumfjölluninni var ekki rætt við neinn eða vísað til í 37,8% tilvika. Í 19,1% tilvika var rætt við talsmenn atvinnulífsins og voru fulltrúar fyrirtækja þar mest áberandi. Stjórnámálameðlun komu við sögu í 19% af heildarumfjöllun um stofnunina og opinberir aðilar og fulltrúar stofnana og samtaka í 14,7% tilvika. Umfjöllun starfsmanna Samkeppnisstofnunar átti sér stað í 10% tilvika en frá öðrum, þar á meðal almenningi, í 5,6% tilvika.


Umfjöllun í prentmiðlum var oftast í formi fréttar eða í 70,9% tilvika en aðsendar greinar í 11,6% tilvika. Langflestar fréttir og greinar um Samkeppnisstofnun birtust í Morgunblaðinu eða 47,4%, 29,8% birtust í Fréttablaðinu, 14,6% í DV og 3,9% í Viðskiptablaðinu. Mest umfjöllun ljósvakamiðla var í Ríkisútvarpinu eða 44,7%. 21,1% umfjöllunarinnar birtist í Sjónvarpinu, 20,4% á Bylgjunni og 13,8% á Stöð 2.

Helstu málefni sem komu við sögu voru rannsókn á málefnum olíufélaganna en 37,9% tilvika snerust um hana. Samgöngur og flutningar komu við sögu í 10% tilvika. Stjórnarsýsla og innri málefni voru til umfjöllunar í 7,5% tilvika, fjármagnsmarkaður í 6,2% tilvika og tryggingamarkaður í 6,1% tilvika.

#### Birting umfjöllunar í prentmiðlum 2003



#### Helstu málefni á árinu 2003



## ► ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS 2003

# ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS

1. Kvörtun Aalborg Portland Íslandi hf. yfir ummælum sem birt eru á vefsíðu Sementsverksmiðjunnar hf. um danskt sement.
2. Kvörtun vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf.
3. Rekstur fjármálaráðuneytisins á vefnum starfatorg.is.
4. Kvörtun yfir úthlutun Byggingastofnunar og ráðstöfun Ísafjarðarbæjar á byggðakvóta.
5. Kvörtun Flugfélagsins Jórvíkur hf. vegna ríkisstyrkja til Flugfélags Íslands í innanlandsflugi.
6. Kvörtun Flugfélagsins Jórvíkur hf. vegna ríkisstyrkja til Íslandsflugs hf. í innanlandsflugi.
7. Kvörtun Atvinnuþróunarfélags Skagafjarðar vegna hækkunar á raforkutöxtum RARIK til Sauðárkróksbakaris.
8. Erindi Refund á Íslandi ehf. vegna óréttmætra viðskiptahátta Global Refund á Íslandi hf. og misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sinni.
9. Erindi Global Refund á Íslandi hf. vegna óréttmætra viðskiptahátta Refund á Íslandi ehf. og misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sinni.
10. Þjónustuskilmálar Sambands íslenskra kaupskipaútgerða.
11. Ósk um undanþágu frá ákvæði samkeppnislaga um bann við samstarfi keppinauta: Þjónustusamkomulag Eimskipafélags Íslands hf. og Samskipa hf. í sjóflutningum á milli Íslands og N-Ameríku.
12. Ósk um undanþágu frá ákvæði samkeppnislaga um bann við samstarfi keppinauta: Samstillt verðlagning viðskiptabanka og sparisjóða á tiltekinni þjónustu í tengslum við kaup Fjölgreiðslumiðlunar hf. á öllu hlutafé í Netskilum hf.
13. Erindi Líkamsræktarstöðvarinnar ehf. vegna líkamsræktarsalar Íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyja.
14. Erindi Samtaka verslunarinnar - FÍS vegna meintra brota á samkeppnislögum í samningum innlendra ísframleiðenda og matvöruverslana.
15. Erindi er varðar samkeppnishamlandi leigusamning Fjarðarbyggðar á Egilsbúð í Neskaupstað.
16. Samruni Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf.
17. Kvörtun Tónskóla Hörpunnar vegna þess að Reykjavíkurborg hafi ekki farið að tilmælum samkeppnisráðs í álit ráðsins nr. 4/2001.
18. Erindi Kortþjónustunnar ehf. vegna þeirrar háttsemi Greiðslumiðlunar hf. að viðhalda gengismun.
19. Kvörtun yfir að meint ófullnægjandi þjónusta Ríkisútvarpsins leiði ekki til lækkunar afnotagjalda.
20. Kvörtun Beinnar markaðssóknar ehf. yfir upplýsingum á heimasíðu Fjarkennslu ehf.
21. Erindi Allrahanda ehf. vegna samkeppnishamlandi ákvæðis í félagssamningi Kynnisferða sf.
22. Erindi Iceland Express ehf. vegna meintrar misnotkunar Icelandair ehf. á markaðsráðandi stöðu.
23. Beiðni Nettengsla ehf. um endurupptöku á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 3/2003, rekstur fjármálaráðuneytisins á vefnum starfatorg.is.
24. Kvörtun Skilvís ehf. yfir notkun Íslandsbanka hf. á firmaheitinu Skilvís.
25. Kvörtun bílasölnunar Bill.is ehf. yfir notkun Bílasölu Íslands ehf. á léninu billinn.is.
26. Kvörtun Fasteignasölnunar Bifrastar ehf. yfir notkun Fasteignasölnunar Grundar ehf. á léninu fasteignasalan.is.
27. Kvörtun Sölk ehf. yfir notkun Sölkubóka ehf. á nafninu Salka.
28. Kvörtun Bændaferða ehf. yfir notkun Úrvals-Útsýnar á orðinu bændaferðir.
29. Kvörtun Sumarbúðanna Ævintýralands yfir notkun Rekstrarfélags Kringlunnar á orðinu Ævintýraland.



30. Kvörtun Kynnisferða ehf. yfir notkun Allrahanda ehf. á heitinu Iceland Excursions.
31. Kvörtun Thorvaldsensfélagsins yfir nafninu Thorvaldsen bar.
32. Kvörtun Neyðarþjónustunnar ehf. yfir viðskiptaháttum Neyðaropnana ehf.
33. Kvörtun Ísbílsins ehf. yfir notkun S. Ólafs heildverslunar ehf. á orðinu Ísbíllinn.
34. Kvörtun Hreyfils svf. yfir skráningu lénsins hreyfill.com.
35. Kvörtun Kolbrúnar Aðalsteinsdóttur og Landreks ehf. yfir notkun á heitinu Iceland Fashion Week.
36. Kvörtun Eignamiðlunarinnar ehf. yfir notkun Garðatorgs eignamiðlunar ehf. á orðinu eignamiðlun í firmanafni.
37. Kvörtun Eignamiðlunarinnar ehf. yfir notkun Fengs eignamiðlunar ehf. á orðinu eignamiðlun í firmanafni.
38. Kvörtun Hasso Íslands ehf. yfir skráningu lénsins hasso.com.
39. Ósk Landssíma Íslands hf. um að fella niður skilyrði samkvæmt ákvörðun samkeppnisráðs nr. 23/2002, sem takmarkar beinar markaðsaðgerðir Landssímans gagnvart viðskiptavinum keppinauta fyrirtækisins.
40. Kvörtun Og fjarskipta hf. vegna hópáskriftar Landssíma Íslands hf.
41. Kvörtun Áburðarverksmiðjunnar hf. vegna Sláturfélags Suðurlands svf.
42. Kvörtun Apple Computer Inc. yfir notkun Aco Tæknivals hf. á léninu apple.is.
43. Kvörtun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis yfir viðskiptaháttum Búnaðarbanka Íslands hf. í tengslum við skrá yfir stofnfjareigendur.
44. Kvörtun Glers og Lása-Trésmiðaðþjónustu Grétars ehf. vegna viðskiptahátta Vátryggingafélags Íslands hf. á markaði fyrir bráðabirgðaviðgerðarþjónustu.
45. Erindi Lyfju hf. um endurupptöku ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 4/2001 um samruna Lyfju hf. og Lyfjabúða hf.

## ► BIRTAR KANNANIR SAMKEPPNISSTOFNUNAR

### KANNANIR

1. Verðmerkingar í matvöruverslunum.
2. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í janúar.
3. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í febrúar.
4. Verðkönnun á fiski.
5. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í mars.
6. Illa verðmerkt í sýningargluggum.
7. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í apríl.
8. Verð á sumarhjólbörðum og kostnaður við skiptingu.
9. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í maí.
10. Verðmerkingar í matvöruverslunum á Suðurlandi, Vesturlandi og á Suðurnesjum.
11. Könnun á verði drykkja í veitingahúsum.
12. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í júní.
13. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í ágúst.
14. Verðmerkingar í sérverslunum.
15. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í september.
16. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í október.
17. Verð á vetrarhjólbörðum og kostnaður við skiptingu.
18. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í nóvember.
19. Verðkönnun á bætiefnum.
20. Verðkönnun hjá efnalaugum.
21. Verðmerkingar í sýningargluggum.
22. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í desember.



## ► REKSTRARKOSTNAÐUR ÁRIÐ 2003


*Pús. kr.*

Laun .....	120.783
Annar rekstrarkostnaður .....	30.724
Stofnkostnaður .....	180
Heildarrekstrarkostnaður .....	151.687
Sértekjur .....	(4)
Mismunur .....	151.683

## ► ÞJÓNUSTUVÍSAR ÁRIÐ 2003

Samkeppnis- og dómsmál .....	178
Kannanir á gagnsæi markaðarins .....	46
Mál á sviði óréttmætra viðskiptahátta .....	160
Útgáfa .....	5
Erlend málefni .....	32

## ► SKIPURIT



## ► SAMKEPPNISRÁÐ

Kirstín Flygenring  
Karitas Pálsdóttir  
Ragnheiður Bragadóttir

Atli Freyr Guðmundsson  
Ólafur Björnsson

## ► SAMKEPPNISSTOFNUN

Samkeppnisstofnun

samkeppni@samkeppni.is

### **Nöfn**

Anna Birna Halldórsdóttir  
Anna Dögg Hermannsdóttir

Arnar Óðinn Arnþórsson  
Ásgeir Einarsson  
Ásta Pálsdóttir  
Brynja Hafsteinsdóttir

Georg Ólafsson  
Guðmundur Sigurðsson  
Guðlaugur Stefánsson  
Gunnar G. Þorsteinsson  
Iðunn E. Kristinsdóttir  
Kristín Færseth  
Kristín Hafsteinsdóttir  
Margrét Sigurmundsdóttir  
Regin Mogensen

Sigurjón Heiðarsson  
Soffía G. Jónsdóttir  
Sonja Egilsdóttir  
Stefán Holm  
Steingrímur Ægisson  
Steinunn Friðriksdóttir  
Valgerður Marinósdóttir

### **Starfssvið**

Markaðsmálasvið  
Samkeppnishamlandi  
samningar og ákvarðanir  
Gagnsæi markaðar  
Lagaleg málefni  
Sínavarsla  
Evrópumál og samkeppnis-  
hamlandi stjórnvaldsfyrirmæli  
Forstjóri  
Samkeppnisvið  
Hagfræðileg málefni  
Stjórnsýslusvið  
Skrifstofa  
Gagnsæi markaðar  
Gagnsæi markaðar  
Tölvumál  
Samkeppnishamlandi  
samningar og ákvarðanir  
Óréttmætir viðskiptahættir  
Rafræn viðskipti og þjónusta  
Skrifstofustjórn  
Markaðsyfirlit  
Samruni og markaðsyfirlit  
Gagnsæi markaðar  
Opinber samkeppnisrekstur

### **Netföng**

abh@samkeppni.is  
  
adh@samkeppni.is  
arnar@samkeppni.is  
asgeir@samkeppni.is  
asta@samkeppni.is  
  
brynja@samkeppni.is  
samkeppni@samkeppni.is  
gsig@samkeppni.is  
gudlaugur@samkeppni.is  
gunnar@samkeppni.is  
iek@samkeppni.is  
kristin@samkeppni.is  
kristinh@samkeppni.is  
margret@samkeppni.is  
  
regin@samkeppni.is  
sigurjon@samkeppni.is  
soffia@samkeppni.is  
sonja@samkeppni.is  
stefan@samkeppni.is  
steingrimur@samkeppni.is  
steinunn@samkeppni.is  
valgerdur@samkeppni.is

Umsjón: AP almannatengsl  
Umbrot: Nonni og Manni I Ydda  
Prentun: Gutenberg





## SAMKEPPNISSTOFNUN

Rauðarárstígur 10  
Pósthólf 5120  
125 Reykjavík  
Sími: 552 7422  
Bréfasími: 562 7442  
[www.samkeppni.is](http://www.samkeppni.is)  
[samkeppni@samkeppni.is](mailto:samkeppni@samkeppni.is)